

Stjórn Vinnís leggur til eftirfarandi lagabreytingar á stjórnarfundum 29/4 2008:

Á 4. grein sem hljóðar svona:

4. gr.

Innra starf

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að

- koma á samböndum og miðla upplýsingum milli áhugafólks um vinnuvistfræði úr ýmsum faghópum, mynda tengslanet
- halda félagsfundum
- halda námstefnur/ráðstefnur
- skrifa greinar í fagtímarit faghópanna
- stuðla að stofnun vinnuhópa um ákveðin málafni innan vinnuvistfræði
- kynna alþjóðlegt og norrænt starf
- afla upplýsinga um menntun á sviði vinnuvistfræði
- afla upplýsinga um evrópska löggildingu

Ytra starf

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að

- kynna félagið og tilgang þess m.a. á heimasíðu félagsins, með blaðskrifum, bæklingi o.s.frv.
- kynna almenningi vinnuvistfræði m.a með blaðskrifum, viðtölum í fjölmiðlum, þátttöku í sýningum o.s.frv.
- vekja athygli ýmissa hópa á þýðingu hagnýtrar vinnuvistfræði t.d. framleiðenda, stjórnenda fyrirtækja, stjórnálagamanna o.fl.
- stuðla að gæðatryggingu í vinnuvistfræði
- koma á samvinnu við sambærileg félög á Norðurlöndum og alþjóðleg samtök
- tryggja að fylgst sé með staðlamálum á sviði vinnuvistfræði
- stuðla að rannsóknum í vinnuvistfræði

Með breytingum mun 4. grein hljóða svona :

4. gr.

Markmiðum sínum hyggst félagið ná m.a. með því að

- kynna félagið og tilgang þess m.a. á heimasíðu félagsins, með blaðskrifum og öðrum þeim aðferðum sem henta hverju sinni.
- koma á samböndum og miðla upplýsingum milli áhugafólks um vinnuvistfræði úr ýmsum faghópum, mynda tengslanet
- halda félagsfundum
- halda námstefnur/ráðstefnur
- stuðla að greinarskrifum í fagtímarit

- vekja athygli á mikilvægi vinnuvistfræði með stúdentaverðlaunum
 - stuðla að stofnun áhugahópa um ákveðin málefni innan vinnuvistfræði
 - taka þátt í og kynna alþjóðlegt og norrænt starf á sviði vinnuvistfræði
 - hvetja tilmenntunar og rannsókna á sviði vinnuvistfræði
 - miðla upplýsingum um evrópska löggildingu
-
- vekja athygli ýmissa hópa á þýðingu hagnýtrar vinnuvistfræði t.d. framleiðenda, stjórnenda fyrirtækja, stjórnámálanna o.fl.
 - upplýsa um nýja og breytta staðla á sviði vinnuvistfræði

Á 14. grein sem hljóðar svona:

14. gr.

Lög þessi voru upphaflega samþykkt á stofnfundi félagsins dags. 08.04.97 og taka breytingum samkvæmt 8. gr. laganna.

Ákvæði til bráðarbirgða

14. gr.

Á aðalfundi félagsins 2004 öðlast breytingar á 7. gr. þegar gildi.

Með breytingum mun 14. grein hljóða svona :

14. gr.

Lög þessi voru upphaflega samþykkt á stofnfundi félagsins dags. 08.04.97 og taka breytingum samkvæmt 8. gr. laganna.

Fyrir hönd stjórnar Vinnís

Berglind Helgadóttir

Formaður Vinnís